

Borgarstjórn
18. desember 2018

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að öll laun og kostnaðargreiðslur borgarfulltrúa verði gerðar aðgengilegar almenningi á vef Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að upplýsingar um öll laun og kostnaðargreiðslur borgarfulltrúa verði gerðar aðgengilegar almenningi á vef Reykjavíkurborg

Greinargerð:

Miðflokkurinn gerir tillögu um að öll laun og kostnaðargreiðslur borgarfulltrúa sem og varaborgarfulltrúa verði birtar á vefsíðu Reykjavíkurborgar og þannig gerðar aðgengilegar almenning. Á þessari vefsíðu verði birtar upplýsingar um laun borgarfulltrúa og kostnaðargreiðslur til þeirra. Hægt verði að skoða fyrir hvern borgarfulltrúa m.a. hver laun hans eru (þ.m.t. álagsgreiðslur, greiðslur vegna setu í stjórnnum á vegum borgarinnar ofl.), hverjar eru fastar kostnaðargreiðslur til hans, ferðakostnaður og dagpeningar. Nöfn borgarfulltrúa verði birt í stafrófsröð. Þegar smellt er á nafn borgarfulltrúa birtast upplýsingar um hann. Þar verði hægt að smella á einstaka kostnaðarþætti, t.d. ferða og dagpeninga og fá upplýsingar um hvað felst í þeim kostnaðargreiðslum. Vefsíðan verði uppfærð eigi síðar en 25. hvers mánaðar og birtist þá nýjar upplýsingar fyrir undangenginn mánuð. Þannig má tryggja að það gegnsæi sem leitað er eftir sé í raun virkt. Jafnframt verði birtar upplýsingar um laun og kostnaðargreiðslur borgarfulltrúa frá sveitastjórnarkosningum 2010. Undanskildir í þeirri birtingu verði fyrrverandi borgarfulltrúar sem látist hafa (miðað við andlát fyrir 1. desember 2018). Í þeim tilvikum sem borgarfulltrúar kjörnir 2010 áttu einnig sæti á fyrra kjörtímabili (2006–2010) taka upplýsingarnar til alls ársins 2010. Um birtingu fjárhagsupplýsinga aftur í tímann skal gefa öllum borgarfulltrúum sem í hlut eiga kost á að gera athugasemdir. Leita skal álits Persónuverndar við gerð upplýsingasíðunnar. Hér er ekki þörf á að finna upp hjólið því þann 27. febrúar á þessu ári var sambærilegur vefur Alþingis um laun og kostnaðargreiðslur alþingismanna tekin í notkun að undangenginni kröfu samfélagsins um meira gagnsæi. Alþingi á hrós skilið fyrir vel unnið verk, verk sem nú getur nýst þeim sveitafélögum sem vilja taka sér þetta góða fordæmi til eftirbreytni. Reykjavíkurborg hefur sem höfuðborg ákveðnar skyldur og hér er komið tækifæri til að setja gott fordæmi fyrir önnur sveitafélög á landinu. Grípum það.